

## Skýrsla stjórnar GR fyrir starfsárið 1.11.2005 – 31.10.2006

Á starfsárinu létust 6 félagar í Golfklúbbi Reykjavíkur.

Böðvar Baldursson  
Einar Guðnason  
Einar Sæmundsson  
Jóhann Eyjólfsson  
Sigurður Georgsson  
Vilhjálmur Árnason

Ég vil biðja fundarmenn að minnast þessara látnu félaga okkar með því að rísa úr sætum.

Á starfsárinu var stjórn Golfklúbbs Reykjavíkur þannig skipuð:

Gestur Jónsson, formaður.  
Jón Pétur Jónsson, varaformaður  
Stefán Svavarsson gjaldkeri.

Meðstjórnendur voru: Helga Harðardóttir, Björn Víglundsson, Stefán Gunnarsson og Viggó Viggósson.

Í varastjórn sátu Rakel Kristjánsdóttir, Bernhard Bogason og Magnús Oddsson.

Haldnir voru 10 bókaðir stjórnarfundir. Eins og undanfarin ár sat varastjórn alla stjórnarfundir, ásamt framkvæmdastjóra.

Í lok starfsársins voru félagar í Golfklúbbi Reykjavíkur 2439 þar af eru 25 ævifélagar og 8 heiðursfélagar. Félagsmenn sem greiða árgjald eru því 2406. Karlar eru 1.804 en konur 602. Hlutfall kvenna hefur hækkað lítillega og er nú 26 % (+0,7%). Félagsmönnum sem greiða árgjald hefur fjölgað um 176 frá fyrra ári. Þá eru 96 krakkar yngri en 17 ára aukafélagar í klúbbum með takmörkuð réttindi til þess að spila velli klúbbsins. Loks seldi klúbburinn 312 sumarkort á Litla-Völlinn.

Þeir sem eru 67 ára og eldri eru 279  
Börn og unglingar eru  $185 + 96 = 281$

Það eru því um 2.800 manns sem höfðu rétt til þess að leika vellina okkar á síðasta sumri.

En með þessu er ekki öll sagan sögð. Í Básum eru nú um 7.000 skráðir korthafar. Af þeim eru um 1.500 félagsmenn GR. Það er því staðreynd að klúbburinn er í dag með 8-9.000 nafnskráða einstaklinga sem nýta þjónustu klúbbsins og að auki eru svo einhver hundruð eða þúsund sem koma í einstök skipti í Bása, spila velli okkar gegn greiðslu vallargjalds eða nýta æfingasvæðina án þess að það sé hér talið. Það er því óhætt að segja að umfang þjónustu klúbbsins hefur vaxið gríðarlega undanfarin ár.

Í lok starfsársins voru 607 manns á biðlista eftir inngöngu í klúbbinn.

### *Fjármálin.*

Gjaldkeri klúbbsins mun gera nánari grein fyrir reikningunum hér á eftir.

### *Framkvæmdir ársins:*

Helstu nýframkvæmdir við velli klúbbsins í ár voru:  
Grafarholt:

- Lokið var við uppbyggingu Grafarkotsvallar og hann tekinn í notkun. Glæsilegasta stuttspilsaðstaða landsins var formlega tekin í notkun í sumar. Fulltrúar frá R&A í Skotlandi, Steve Isaac og Alison White tóku þátt í vígslumóti vallarins, þann 8. júní.
- Nýjar flatir voru byggðar á 4., 8. og 12. braut, samhliða lagningu malbikaðs göngustígs í gegnum völlinn.
- Ný glompa byggð vinstra megin við 16. flöt
- Skurður vinstra megin 15. brautar var endurmótaður
- Grjóttínsla úr 13. og 14. brautum
- Á 4. braut var sett ný glompa.
- Byggðir voru nýir teigar á 2. og 11. braut
- Nú í haust hófust framkvæmdir við nokkra nýja rauða teiga 5.,7.,8.,9., 11., 14.,

### Korpa:

- Byggður var nýr teigur á 5. braut
- Brautir 8 og 10 voru endurmótaðar skv. teikningu Hannesar Þorsteinssonar og byggðar á brautirnar 6 nýjar glompur

- Byggð var ný flöt á Litla velli vegna framkvæmda við Egilshöll – verður tekin í notkun 2007
- Veitingasalan tekin í gegn, ný húsgögn í salinn – andlitslyfting.

Formaður vallarnefndar var Stefán Gunnarsson en með honum í nefndinni voru Gísli G. Hall, Guðmundur Pálmi Kristinsson og Gestur Jónsson.

### *Vélakaup.*

Keyptar voru vélar og golfbílar fyrir um 19 mkr.

### *Aftek.*

Klúbbmeistari karla varð Rúnar Óli Einarsson

Klúbbmeistari kvenna varð Ragnhildur Sigurðardóttir.

Sigurvegarar í GR open voru Guðmundur Örn Gylfason GOB og Ágúst Ingi Axelsson GR.

Árangur okkar afreksfólks á þessu ári var góður.

Helena Árnadóttir varð Íslandsmeistari kvenna í högggleik.

Anna Lís Jóhannsdóttir varð Íslandsmeistari kvenna í holukeppni.

Ragnhildur Sigurðardóttir varð stigameistari á KB Bankamótaröðinni. Hún reyndi fyrir sér á inntökumóti fyrir evrópsku mótaröðina fjórða árið í röð, og á bandarísku mótaröðina í fyrsta skipti en komst því miður ekki áfram.

Ólafur Már Sigurðsson varð stigameistari á KB Bankamótaröðinni og er þetta í fyrsta skipti í mjög langan tíma sem GR eignast stigameistara karla. Þá varð Óli Már annar í Íslandsmótinu í holukeppni.

Birgir Már annar í Íslandsmótinu í högggleik

Guðmundur Ágúst Kristjánsson varð Íslandsmeistari í flokki 14-15 ára drengja.

Berglind Björnsdóttir varð Íslandsmeistari í flokki stúlkna 14- 15 ára í holukeppni.

Heiðar Breiðfjörð varð Íslandsmeistari í flokki öldunga 55-70 ára.

Piltasveit GR 16-18 ára, skipuð Pétri Frey Péturssyni, Axel Ásgeirssyni, Arnóri Inga Finnbjörnssyni, Arnari Snæ Jóhannssyni og Þórði Axel Þórisyni varð Íslandsmeistari í sveitakeppni. Liðsstjóri var Birgir Guðjónsson.

Öldungasveit karla varð Íslandsmeistari undir forystu Halldórs B. Kristjánssonar. Sveitina skipuðu auk Halldórs, Ómar Kristjánsson, Haukur Örn Björnsson, Heiðar Breiðfjörð, Hans Isebarn, Friðgeir Guðnason, Guðmundur Vigfússon, Gunnar Ólafsson og Viktor Ingi Sturlaugsson

Í afreksnefnd sátu Magnús Oddsson, formaður, og með honum Einar Sigurjónsson.

#### *Störf nefnda:*

Á vegum klúbbsins starfa nokkrar nefndir sem sinna afmörkuðum þáttum starfseminnar.

#### *Forgjafar- og aganefnd.*

Engar kærur bárust aganefnd á árinu.

Nefndin hefur undanfarin ár fylgst með forgjafarskráningum félagsmanna. Samkvæmt EGA reglunum skulu kylfingar viðhalda forgjöf sinni með því að skrá að lágmarki 4 hringi á ári. Það er áhyggjuefni að rúmlega helmingur félagsmanna nær því ekki að leika tilskilinn fjölda hringja sem ætti að réttum reglum að leiða til þess að forgjöf viðkomandi kylfings yrði ógild. Forgjafarnefndin mælti með því við stjórn klúbbsins að það verði gert að skilyrði fyrir verðlaunum í mótum með forgjöf að verðlaunahafi hafi viðhaldið forgjöf sinni í samræmi við EGA reglurnar. Samþykkti stjórn erindið og beindi til kappleikjanefndar.

Í forgjafarnefnd eru Jónas Valtýsson, formaður, Stefán Pálsson og Guðni Hafsteinsson.

#### *Kvennanefnd.*

Í kvennanefnd Guðlaug Pálsdóttir, Rósa Guðmundsdóttir, Brynja Guðmundsdóttir, Marólína Erlendsdóttir og Sigrún Sigurðardóttir

Unglinganefnd var undir forystu Viggós Viggóssonar

Öldunganefnd laut formennsku Halldórs B. Kristjánssonar og með honum í nefndinni voru Guðmundur Vigfússon, Jóhanna Bárðardóttir og Viktor Ingi Sturlaugsson.

Allar þessar nefndir skiluðu góðu verki á starfsárinu. Á vegum nefndanna fer fram mikið og gott félagsstarf nánast allt árið. Tímans vegna mun ég ekki rekja einstaka þætti í starfi nefndanna heldur læt við það sitja hér að þakka öllum sem unnið hafa í og með nefndunum og færi þeim kærar þakkir fyrir vel unnin störf. Ég hef óskað þess við formenn nefndanna að þeir taki saman stuttar skýrslur um störf nefndanna og birti þær á heimasíðu klúbbsins.

### *Kappleikir*

Kappleikjahald var að flestu leyti með hefðbundnu sniði. Í meistaramóti GR léku 522 kylfingar sem er metþátttaka og góð þátttaka var í GR open. Opnum mótum hjá klúbbum var fækkað úr 19 í 13. Var það ekki síst gert til þess að mæta gagnrýni sem komið hafði fram frá ýmsum félagsmönnum sem töldu að of mörg mót takmörkuðu um of aðgang félagsmanna að völlum. Venjulegir félagsmenn kæmust ekki til þess að spila vegna þessa eilífa mótahalds eins og sagt er. Hin hliðin á svona ákvörðun er auðvitað sú að klúbburinn verður af tekjum sem hafa svo aftur áhrif á afkomu félagsins.

Til stóð að halda á Korpunni mót á evrópsku öldungamótaröðinni. Til þess kom ekki af ástæðum sem ekki tengdust GR. Sá möguleiki er enn opinn að slíkt mót verði haldið og sú afstaða stjórnar klúbbsins að slíkt mót yrði lyftistöng fyrir íslenskt golf hefur ekki breyst. Við sjáum hvað setur í því efni.

Skrautfjöðrin í mótahaldi klúbbsins þetta árið var án vafa Faldo unglíngamótið sem haldið var í ágúst. Umgjörð mótsins var mjög glæsileg og þátttakan góð. Keppendur í mótinu voru 84 og þar á meðal nánast allir efnilegust kylfingar landsins af yngstu kynslóðinni. Sigurvegararnir héldu svo utan í haust og tóku þátt í úrslitum Faldo series. Í tengslum við mótið kom hingað m.a. Fanney Suneson, sem margir þekkja sem sænsku stelpuna sem var kaddí hjá Faldo hér fyrr á árum. Hún hélt fyrirlestra fyrir keppendur um leikskipulag og fleiri atriði sem þeir þurfa að tileinka sér sem vilja ná langt í íþróttinni. Svo mætti Faldo sjálfur í lokahófið, ávarpaði keppendur og afhenti verðlaun. Að því er stefnt að þetta mót verði árlegur viðburður í framtíðinni.

Skýrsla kappleikjanefndar verður einnig birt á heimasíðu klúbbsins. Þar hefur staðið í stafni eins og undanfarin ár Jón Pétur Jónsson, varaformaður félagsins.

### *Kylfingur*

Kylfingur var gefinn út með hefðbundnum hætti og auk þess tvö fréttabréf.

Bernhard Bogason er ritstjóri Kylfings.

### *Ræsing og eftirlit.*

Fimm ræsar störfuðu hjá klúbbum í sumar. Einn ræsir var ávallt á vakt í Grafarholti, en tveir í mótum. Tveir voru á vakt á Korpunni yfir háannatímamann.

### *Samstarf við golfklúbba. Hella, Leynir, Suðurnes og Þorlákshöfn:*

1800 hringir leiknir á Garðavelli á Akranesi.

1589 hringir leiknir á Þorláksvelli á Þorlákshöfn.

1568 hringir leiknir á Hólmsvelli í Leiru.

1307 hringir leiknir á Hellu.

Alls léku félagsmenn í GR um 6.300 hringi á vinavöllum klúbbsins. Samstarfið gekk vel án undantekninga. Engar kvartanir bárust og almennt virðast heimsóknir GR inga hafa verið til þess að styrkja rekstur vinavallanna, ekki síst þegar menn þakka fyrir sig með því að setjast niður í klúbbhúsi að leik loknum og kaupa veitingar. Enn legg ég áherslu á það við GRinga að vinavellirnir eru ekki heimavellir okkar. Við erum gestir þessara klúbba og mikilvægt er að framkoma okkar fólks sé í samræmi við það.

Samningar GR við Helluna, Leiruna og Þorlákshöfn verða áfram í gildi. Meiri óvissa er um samninginn við Leyni á Akranesi.

### *Golfkennarar.*

Derrick Moore var aðalgolfkennari klúbbsins. Samstarfsmaður hans var David Barnwell.

### *Rekstur vallanna á síðasta sumri.*

Opnað var inn á sumarflatir beggja valla í maí. Á Korpunni gerðist það 6. maí en í Grafarholtinu viku síðar þann 14. maí.

Í Grafarholtinu var leikið á 3 vetrarflötum framan af við mismikla gleði félagsmanna. Opnað var inn á nýju flatirnar þann 11. júní, en þá voru aðeins liðnar 6 vikur frá tyrfingu þeirra. Flatirnar voru auðvitað hráar framan af en urðu góðar þegar leið á sumarið. Sumarið var rýsjótt en september einstaklega góður. Margir félagsmenn bættu sér upp erfitt sumar með því að spila stíft í haust fram í október. Mun aðsóknin að völlum okkar í september hafa slegið öll fyrri met.

### **Nýtt vallamat.**

Margir fundarmenn kannast við umræðu sem átt hefur sér stað á síðustu árum þess efnis að vallarmat á íslenskum golfvöllum sé of hátt. Afleiðing of hás vallarmats er að kylfingar sem spila á ofmetnum völlum fá of lága forgjöf. Það veldur svo aftur því að þegar þessir ágætu kylfingar mæta á rétt metna velli þá lenda þeir í því að þeim reynist erfitt eða ómögulegt að spila á forgjöfinni. 36 punkta markið verður bara fjarlægur draumur. Markmiðið með forgjöfinni er að hún sýni getu viðkomandi kylfings á góðum degi og þótt það sé auðvitað gaman að geta flaggað lágri fogjöf í samtali við kunningjana þá fer nú mestur ljóminn af ef engin leið reynist að spila á fogjöfinni þegar komið er út fyrir verndarsvæði heimavallarins. Ég held að margir íslenskir kylfingar, sem spilað hafa erlendis, kannast við að það er nánast hending ef menn ná að spila á forgjöfinni í útlöndum.

Á vegum GSÍ starfa nú tvær matsnefndir sem vinna að endurmati golfavalla. Í sumar tók gildi nýtt vallarmat hjá Oddi og hjá GKG. Í báðum tilvikum lækkaði vallarmatið umtalsvert þannig að kylfingar með 10-15 í forgjöf töpuðu 2 til 3 höggum frá því sem áður var þegar þeir breyttu grunnforgjöf sinni yfir í vallarforgjöf. Matsnefnd hefur nú endurmetið báða 18 holu vellina hjá GR. Niðurstöðurnar liggja ekki enn fyrir en líklegt er, ef ég skil matsmennina rétt, að sömu áhrif muni koma fram hjá okkur og urðu hjá Oddi og GKG. Nýtt vallarmat verður væntanlega komið í gildi þegar vellirnir verða opnaðir í vor.

Ég hef beint fyrirspurn til GSÍ hvort forgjarfarnefnd okkar klúbbs megi bjóða þeim kylfingum sem það kjósa, að láta endurmeta forgjöf sína, þegar nýtt vallarmat tekur gildi. Fyrir þann sem t.d. missir 3 högg af vallarforgjöf sinni vegna breytts vallarmats mun það taka 30 hækkunarhringi að ná fram “rétttri” forgjöf að öðru óbreyttu. Ég held að mörgum muni þykja það fúlt að þurfa að spila heilt sumar við þær aðstæður að hækka sífellt í forgjöf þótt þeir séu í raun að spila í samræmi við fyrri forgjöf sína. Því finnst mér

ástæða til þess að bjóða mönnum upp á að láta endurreikna forgjöfina sé slíkt heimilt skv. reglum golfsambandsins og EGA. Fyrstu svör forgjafarnefndar GSÍ hafa verið jákvæð og við eigum von á formlegu svari á nýju ári þar sem leiðbeiningar yrðu gefnar um umreikning forgjafar og skilyrði tilgreind.

### **Stjórnskipulag GR**

Golfklúbbur Reykjavíkur er um margt einstakt félag. Sé miðað við umfang rekstrar erum við langstærsta íþróttafélag borgarinnar og þar með landsins alls. Vöxturinn í starfsemi klúbbsins hefur verið mjög hraður og enn er ekkert lát á eftirspurninni eftir þeirri þjónustu sem Golfklúbbur Reykjavíkur býður. Ég varð formaður þessa klúbbs fyrir 8 árum, árið 1998. Þá var kynntur rekstrarreikningur þar sem niðurstöðutölurnar teknamegin voru í kringum 50 mkr. Í dag erum við að kynna rekstrarreikning sem er fimmfalt stærri. 1998 sögðum við að rekstur GR væri í raun orðinn á við rekstur sæmilegs fyrirtækis. Hafi það verið sannleikur á þeim tíma þá blasir við að í dag er reksturinn orðinn sambærilegur rekstri alvöru fyrirtækis.

Fyrir tæpum tveimur árum skipaði stjórn GR nefnd sem fékk það hlutverk að fara yfir skipulag og starfsemi klúbbsins og setja fram tillögur um breytingar á lögum klúbbsins og stjórnskipulegri uppbyggingu hans ef ástæða væri talin til. Þetta var gert og voru 5 valinkunnir GR ingar þau Árni Tómasson, Friðbert Traustason, Kolbeinn Kristinsson, Kristín Guðmundsdóttir og Ragnar H. Hall fengin til verksins. Var Ragnar formaður nefndarinnar. Nefndin vann verk sitt vel og skilaði skýrslu til stjórnar fyrir aðalfund á síðasta ári. Skýrslan var strax kynnt á heimasíðu klúbbsins auk þess sem Ragnar kynnti niðurstöður nefndarinnar á síðasta aðalfundi. Skýrslunni fylgdu tillögur um breytt skipurit sem og tillögur til breytinga á lögum klúbbsins. Stærsta breytingin sem nefndin lagði til var að skilið yrði á milli íþróttar- og afreksstarfs klúbbsins annars vegar og starfseminnar að öðru leyti hins vegar. Aðalfundur á hverju ári samþykkti fjárveitingar til íþróttastarfseminnar og stjórn klúbbsins væri óheimilt að ganga lengra, þ.e. veita meira fé til íþróttastarfseminnar, nema að fengnu samþykki félagsfundar. Þá var gerð tillaga um að fækka stjórnarmönnum í 5 og hlutverk stjórnarinnar yrði í auknum mæli beintengt fjárhagslegum rekstri klúbbsins, en félagsstarfinu að öðru leyti yrði sinnt með öðrum hætti. Tillögurnar hafa verið ræddar í stjórn og hafa þar verið skiptar skoðanir um hvort rétt sé að ganga svo langt sem gert er ráð fyrir í tillögum nefndarinnar. Í samræmi við það sem kynnt var á síðasta aðalfundi var haldinn sérstakur félagsfundur snemmsumars þar sem tillögur nefndarinnar voru



dagskrárefnið. Ragnar H. Hall fór yfir tillögurnar og svaraði fyrirspurnum fundarmanna. Fundurinn var ekki mjög fjölmennur. Hann sóttu 20-30 manns. Umræður voru samt fjörugar og málefnalegar og létu margir skoðanir sínar í ljós. Margir fundarmanna lýstu sig andvíga hugmyndum nefndarinnar um að skilja á milli íþrótta- og afreksstarfs klúbbsins og starfseminnar að öðru leyti. Engar samþykktir voru gerðar á fundinum en auðheyrt var að mikill meirihluti fundarmanna taldi óráðlegt að skilja íþrótta- og afreksstarfið frá annarri starfsemi klúbbsins og höfðu áhyggjur af því að slíkt kynni að gefa borgaryfirvöldum og samborgurunum röng skilaboð um áherslurnar sem væru í rekstri klúbbsins. Málið hefur síðan verið afgreitt innan stjórnar klúbbsins. Þar var ákveðið að stjórnin myndi ekki gera tillögur til lagabreytinga, a.m.k. ekki að svo stöddu. Hins vegar ákvað stjórnin að gera skipulagsbreytingar innan stjórnarinnar í því skyni að reyna að ná fram virkara eftirliti með fjárhagslegum rekstri klúbbsins eins og ábendingar komu fram um í skýrslu nefndarinnar. Er stefnt að breyttu vinnulagi í því efni á næsta ári.

### **Hvað er framundan?**

Þótt Golfklúbbur Reykjavíkur sé fjárhagslega mjög sterkt félag þá er peningaleg staða klúbbsins ekki eins góð og við hefðum kosið þótt hún sé reyndar betri en hún var á síðasta aðalfundi. Batinn stafar því miður ekki af því að reksturinn hafi skilað afgangi þetta árið heldur af því að samningar tókust milli Reykjavíkurborgar og klúbbsins í febrúar um þátttöku borgarinnar í uppbyggingu klúbbsins árin 2006 til 2008. Er framlag borgarinnar samkvæmt samningnum 210 mkr. Greiddust 10 mkr fyrr á þessu ári, en 60 mkr greiddast í febrúar 2007 og svo aftur 60 mkr árið 2008 og loks 80 mkr í febrúar 2009. Fjárhæðirnar eru verðtryggðar miðað við vísitölu neysluverðs í nóvember 2005. Með þessum framlögum greiðir borgin ca. 80% af áætluðum framkvæmdum klúbbsins á tímabilinu. Klúbburinn hefur sjálfur fjármagnað byggingu æfingasvæðisins og æfingavallarins í Grafarkoti með lántökum auk þess sem töluverður hluti Básanna hefur verið fjármagnaður af klúbbum með lántökum. Þótt framlög borgarinnar létti okkur vissulega róðurinn, og þau skuli hér þökkuð, þá breytir það ekki því að við aðstæður á fjármagnsmarkaði eins og þær sem nú ríkja þá tekur það verulega í fyrir rekstur klúbbsins að þurfa að standa undir vöxtum af lánnum vegna svona framkvæmda.

Þau verkefni sem samningur borgarinnar og GR taka til eru:

*Gerð æfingarsvæðis á landi Grafarkots*

Við höfum lokið gerð 6 holu æfingavallar fyrir stutt spil ásamt stóru æfingasvæði með pútt- og vippflötum á 2 ha lands í Grafarkoti fyrir aftan Bása.

#### *Þjónustuálma við Bása og lagning gervigrass.*

Í tengslum við Bása er ætlunin að reisa þjónustubyggingu. Hönnun hennar er á frumstigi. Endurbætur hafa verið gerðar í Básunum og nauðsynlegt reyndist að skipta um jarðveg á 9.000 fermetra svæði fyrir framan Bása og leggja gervigras yfir stærstan hluta þess. Kostnaður við Bása umfram upphaflega kostnaðaráætlun er áætlaður 60 milljónir króna.

#### *Bygging vélageymslu í Grafarholti*

Nýrri vélageymslu og áhaldahúsi var ætlaður staður við settjörðina við enda afleggjarans að Grafarholti. Hugmyndir eru um að breyta því og reisa vélageymsluna sem næst á þeim stað þar sem hún stendur nú og byggja ofan á hana inniæfingaaðstöðu sem tengja mætti rekstri Bása. Hef ég átt viðræður við Vilhjálmi Þórmund borgarstjóra og Björn Inga formann ÍTR um þessar hugmyndir og tóku þeir þeim vel. Peningar liggja ekki enn á lausu en við sjáum hvað setur.

#### *Gerð æfingavallar í Grafarholti*

Ætlun okkar var að gera æfingavöll á gamla æfingasvæðinu í Grafarholti. Það kann að breytast ef niðurstaðan verður sú að byggja inniæfingaaðstöðu í tengslum við Básana.

#### *Sléttun brauta á Grafarholtsvelli*

Grafarholtsvöllur var byggður af vanefnum á árunum 1958-1970. Brautir vallarins eru mjög ósléttar vegna þess hve rýr jarðvegur er undir brautunum. Til þess að Grafarholtsvöllur geti áfram verið flaggskip íslenskra golfvalla og vettvangur fyrir innlend og fjölpjóðleg mót er unnið að því að bæta brautir vallarins með því að þekja þær mold og tyrfa yfir þegar tækifæri gefast. Þá er unnið að endurbyggingu teiga og flata vallarins. Ætlunin er að halda þessu verki áfram næstu árin.

#### *Litli völlum á Korpúlfsstöðum*

Þegar vextir eru jafn háir og nú um stundir þýða framkvæmdir fyrir lánsfé verulega aukin útgjöld fyrir klúbbinn eins og þið sjáið í reikningum

klúbbsins. Það er því ætlun stjórnarinnar að hægja heldur á uppbyggingunni næsta árið og nota tímann til þess að reyna að styrkja fjárhagsstöðu klúbbsins. Vonandi berum við gæfu til að nýta tímann vel til hönnunar og undirbúnings þeirra verkefna sem enn er ólokið og samningurinn tekur til. Það er í eðli sínu þannig að stjórn golfklúbbs er ópolinmóð gagnvart uppbyggingu. Við viljum auðvitað sjá allt gerast á einni nóttu. Fjárhagsstaða klúbbsins er hins vegar þannig að slíkt er ekki skynsamlegt nú.

Í samningi borgarinnar og GR er einnig fjallað um fyrirhugaða stækkun Korpunnar í 27 holur. Í samningnum segir m.a.:

- Borgarstjórn Reykjavíkur hefur ákveðið að stækka golfvöllinn á Korpúlfsstöðum úr 18 í 27 holur í samvinnu við GR.
- Kostnaður borgarsjóðs af stækkun Korpuvallarins er áætlaður kr. 150.000.000 krónur.
- Aðilar munu sameiginlega, á næstu mánuðum, ljúka vinnu við afmörkun þess lands á Korpúlfsstöðum sem verður notað undir gofsvöllinn. Verður gerður samningur um landið til afnota fyrir GR til 50 ára, sambærilegur þeim sem nú er um golfvöllinn í Grafarholti. Samningurinn nái einnig til svæðisins unndir Litla völlinn, vestast á Korpúlfsstaðasvæðinu, sem GR mun reka áfram fyrir byrjendur, börn og eldri borgara.
- Stefnt er að því að framkvæmdir við stækkun Korpúlfsstaðavallarins hefjist innan þriggja ára.

Það er því óhætt að segja að næg verkefni séu framundan þótt ætlunin sé að anda rólegar næstu mánuði.

Góðir fundarmenn

Þessi aðalfundur er haldinn við mikil tímamót hjá klúbbum. Margeir Vilhjálmsson hefur að eigin ósk látið af störfum sem framkvæmdastjóri GR eftir 8 ára starf.

Ég sagði það á aðalfundi í fyrra að í lífinu er það þannig að maður hittir margt fólk. Flestir fylgja straumnum en einstaka maður fer aðrar leiðir. Sumir menn eru í eðli sínu hugmyndasmiðir og framkvæmdamenn. Þannig menn eru fáir en þeir eru hverju samfélagi dýrmætir og þá skiptir ekki máli hvort það samfélag heitir Ísland, Golfklúbbur Reykjavíkur eða golfþróttin á Íslandi.

Ég er þeirrar skoðunar að Margeir Vilhjálmsson fylli síðari flokkinn. Ég hef unnið með honum í átta ár og leyfi mér að segja það eftir þau kynni að hann hefur í senn yfirburðapekkingu á öllu sem varðar golf og golfíþróttina, kraft til þess að framkvæma hluti og síðast en ekki síst þann hugmyndaþrótt sem þarf til þess að standa fyrir framförum.

Margeir hefur nú snúið sér að öðru verkefni. Draumnum um að byggja heimsklassagolfvöll á söndunum austan við Þorlákshöfn. Sá draumur er smám saman að fá á sig yfirbragð raunveruleikans. Margeir hefur nú þegar tryggt sér landið sem þarf undir völlinn, fengið í lið með sér heimsfræga hönnuði og gengið til samstarfs við aðila sem þegar hafa lagt verulega fjármuni til verksins. Það er auðvitað ennþá langt í land en mín trú er sú að sé einhverjum trúandi til þess að ná landi þá er það Margeiri.

Gjöfin.

En það er þannig í lífinu að maður kemur í manns stað. Það var vandasamt verk að velja staðgengil Margeirs en samdóma álit stjórnarinnar var að besta maðurinn sem völ væri á í því efni væri Garðar Eyland. Garðar hafði starfað sem framkvæmdastjóri hjá Oddi undanfarin ár og engum hefur dulist hve góðu verki hann hefur skilað þar. Ég vil nota þetta tækifæri til þess að bjóða Garðar velkominn til starfa og óska honum velgengni í starfi.

Að þessu sinni hefur einn stjórnarmaður ákveðið að gefa ekki kost á sér til endurkjörs. Það er reyndar enginn miðlungsmaður heldur sjálfur gjaldkerinn Stefán Svavarsson. Ég man ekki alveg hvenær Stefán kom í stjórnina, hvort við höfum verið samferða allan tímann eða hvort hann kom um borð fyrir sjö árum. Hitt er aðalatriðið að allan tímann hefur hann innan stjórnarinnar sinnt því vandasama verkefni að fylgjast með fjárreiðum klúbbsins og taka saman reikninga klúbbsins og skýra þá á aðalfundum af þekktri röggsemi.

Stefán hefur stundum óvenjulega sýn á gang mála.

Fylgist vel með framförum og kaupir sér tæki.

Gaman að mæta með honum í bankann.  
“Dægurmálin.”

Þakka Stefáni fyrir frábær störf fyrir GR.  
Þetta er mikil vinna sem aldrei hefur komið króna fyrir.

Aðrir stjórnarmenn gefa kost á sér til endurkjörs og þar á meðal ég. Mér finnst reyndar sjálfum að það sé kominn tími til að kalla aðra til forystu. Sjálfsagt eru margir sömu skoðunar. Mér fannst samt rangt að standa upp úr stól mínum um leið og Margeir kveður okkur og fannst réttara að ég yrði samferða Garðari fyrsta árið til þess að tryggja samfellu í stjórn klúbbsins. Sennilega er þetta tóm vitleysa og venjulegt ofmat á eigin mikilvægi. Ég vil hins vegar nota þetta tækifæri til þess að láta ykkur vita að ætlun mín er að þetta verði í síðasta sinn sem aðalfundur GR stendur frammi því að hafa mig í framboði til formanns.